

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um fjórðu breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 21. október 2008

um ráðstöfun eigna og skulda

Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf.

Með heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun:

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 21. október 2008 (nefnd „fyrri ákvörðun“ nema annað sé tekið fram) var tekið fram að ákvörðunin byggði á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reyndist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar brygðust verulega eða Fjármálaeftirlitið teldi að önnur skipan mála væri nauðsynleg gæti Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðuninni, þ.m.t. að fella hana úr gildi í heild eða að hluta. Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 6. mars 2009 var tekið fram að ástæða væri til að taka upp fyrri ákvörðun að því marki sem hún snéri að tímafresti til að ljúka frágangi á skilmálum skuldabréfsins eða fjármálagerningsins sem Nýi Kaupþing banki hf. gefur til Kaupþings banka hf. til greiðslu endurgjaldsins. Ástæða þess var sú að skuldabréfið eða fjármálagerningurinn sem gefinn verður út frá nýja bankanum til þess gamla er flókinn gerningur og viðameiri en ætlað var. Þá var talið mikilvægt að stjórnvöld fengju svigrúm til að taka afstöðu til gerningsins að höfðu samráði við skilanefndir og fulltrúa kröfuhafa eftir því sem unnt væri. Af þeim sökum var talið nauðsynlegt að veita rýmri tímafrest. Fjármálaeftirlitið telur nú þörf á frekari tímafresti þar sem endanleg tímaáætlun liggur ekki fyrir milli hlutaðeigandi aðila um frágang á skilmálum fjármálagerningsins. Fjármálaeftirlitið telur ekki óeðlilegt að vandlega sé farið yfir skilmála fjármálagerningsins enda mikilvægt að vel takist til. Ekki liggur þó endanlega fyrir hversu langur sá frestur þarf að vera, en ákvörðun um það verður tekin eigi síðar en 15. júní 2009. Er því nú tekin eftirfarandi ákvörðun um breytingu á 2. ml. 12. tl. fyrri ákvörðunar.

ÁKVÖRÐUN:

Skilmálar fjármálagerningsins skulu liggja fyrir samkvæmt nánari ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og skal ákvörðun um endanlegan frest tekin eigi síðar en þann 15. júní 2009.


Önnur ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.



Kristín Haraldsdóttir
Varaformaður stjórnar

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

15. maí 2009.



Gunnar Þ. Andersen
Forstjóri